

U2-bygg ehf.
b.t. Framkvæmdarstjóri
Skeiðarás 12
210 Garðabæ

Tegund skoðunar: Takmörkuð úttekt 18.2.2019

Staðsetning skoðunar: Hraungata 2-6

Deild:

Eftirlitsmaður: [REDACTED]

Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:
[REDACTED]

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Takmörkuð skoðun á verkstað við Hraungötu 2-6 í Garðabæ. Unnið er að uppsteypu og frágangi við raðhús á þremur hæðum. Verkstaða íbúða er mismunandi og verið er að vinna í öllum íbúðum. Verkstaður skoðaður og rætt var við [REDACTED] byggingarstjóra á verkinu sem og starfsmenn U2-Bygg ehf um öryggismál. Þar sem veigamikil öryggisatriði og aðbúnaður á verkstað eru í ólagi er vinna bönnuð á verkstað að hálfu Vinnueftirlits. Heimilt er að vinna að úrbótum á öryggismálum. Fyrirmæli um úrbætur eru tilgreind í framhaldi..

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Þar sem veigamikil öryggisatriði starfsmanna er í ólagi og öryggistjórnunarkerfi á verkstað er alls ófullnægjandi metur Vinnueftirlitið það að veruleg hættu sé á ferðum fyrir lífi og heilbrigði starfsmanna.

Fyrirmæli

Öll vinna við byggingaframkvæmdir við Hraungötu 2-6 í Garðarbæ er bönnuð þar til búið er að gera úrbætur í samræmi við fyrirmæli og Vinnueftirlitið hefur aflétt banninu. Þrátt fyrir framangreint bann er heimilt að vinna að úrbótum á öryggismálum. Bann við vinnu er sett á grundvelli 84 og 85. gr. laga nr 46/1980.

Lög & reglur:

046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gr. 84 og 85

Athugasemd 2 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fallvörnum á verkpöllum við húsið er ófullnægjandi. Viða vantar öll handrið á verkpalla og sumstaðar er einungis handlisti, Ýmist vantar handrið á stiga milli hæða eða þau eru ótraust. Einnig eru stór hurðar og gluggagöt óvarin og svalir hafa engar fallvarnir. Slikar aðstæður skapar slyshættu fyrir starfsmenn.

Fyrirmæli

Tryggja skal öryggi starfsmanna við vinnu í hæð. Gera skal viðeigandi úrbætur á fallvörnum fyrir starfsmenn.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. B hluti gr. 15.2 og 21

Leiðbeiningar:

Ávallt skal tryggja öruggar fallvarnir við vinnu í hæð

Athugasemd 3 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Starfamaður fyrirtækisins U2-bygg ehf var að stjórna Cattaneo byggingarkrana með skráningarnúmeri AB0807 án þess að hafa tilskilin vinnuvélaréttindi. Starfsmaður er skráður með bóklegréttindi en vantar að fara í verklegt próf. Um er að ræða starfsmanninn [REDACTED]. Öll slík vinna er óheimil án réttinda. Vinnueftirlitið hefur heimild til að kæra slíkt til lögreglunnar

Fyrirmæli

Öll vinna án réttinda starfsmanns á byggingarkrana er bönnuð. Tryggja skal að starfsmenn hafi gild réttindi til þess að stjórna skráningarskyldum vinnuvélum. Aðeins er heimilt að stjórnandi með viðurkennd réttindi af hálfu Vinnueftirlitsins stjórni byggingarkrana á verkstað.

Lög & reglur:

46/1980: 6. mgr. 45. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

198/1983: Reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum, ásamt síðari breytingum

Athugasemd 4 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fyrirtækið hefur ekki gert skriflegt áhættumat um öryggi og heilbrigði fyrir byggingarvinnustaðinn en hún á að fela í sér sérstakt áhættumat yfir helstu verkþætti með tilliti til öryggis starfsmanna.

Fyrirmæli

Gera skal áhættumat fyrir helstu verkþætti verksins og gera úrbætur í samræði við það. Kynna skal áhættumatið fyrir starfsmönnum og tryggja að því sé framfylgt.

Lög & reglur:

920/2006: Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum gr. 26 og 27

Leiðbeiningar:

Skriflegt áhættumat um öryggi og heilbrigði skal meðal annars fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþætti í vinnuumhverfinu ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir.

Athugasemd 5 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki er girt í kringum krana til að afmarka hættusvæði. Slysahætta er við slíkar aðstæður.

Fyrirmæli

Afmarka skal hættusvæði í kringum krana til að tryggja öryggi.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. A. Hluti gr 13.4

Athugasemd 6 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Umferðarleiðir um vinnusvæðið eru hættulegar. Mikið af rusli, efni og hálka eru á umferðaleiðum. Slysahætta getur skapast við slíkar aðstæður.

Fyrirmæli

Fara skal yfir umferðar- og gönguleiðir á byggingarsvæðinu. Gera skal viðeigandi úrbætur með það fyrir augum að tryggja öryggi.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. A hluti gr 1 og 13

Athugasemd 7 - Öryggi**Lýsing & mat á aðstæðum:**

Byggingarframkvæmdin hefur ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins.

Fyrirmæli

Tilkynna skal byggingarframkvæmdina til Vinnueftirlitsins á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu stofnunarinnar. Setja skal tilkynninguna upp á áberandi stað á vinnusvæðinu.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð gr. 3.3

046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gr 36

Athugasemd 8 - Öryggi**Lýsing & mat á aðstæðum:**

Samræmingaraðili hefur ekki verið skipaður við byggingarframkvæmdina.

Fyrirmæli

Verkkaupa ber að skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana til starfa á byggingarsvæði þar sem fleiri en einn atvinnurekandi eða verktaki er að störfum.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð gr. 3.1

046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gr. 36

Athugasemd 9 - Öryggi**Lýsing & mat á aðstæðum:**

Óvarin bendijárn eru fyrir neðan verkpalla og þar sem menn voru að vinna í tröppum. Slysahætta getur skapast við slíkar aðstæður.

Fyrirmæli

Verja skal bendijárn með viðeigandi búnaði. Gera skal viðeigandi úrbætur með það fyrir augum að bendijárn skapi ekki hættur fyrir starfsmenn.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. A hluti gr. 8

Leiðbeiningar:

Mikilvægt er að verja bendijárnin til að tryggja öryggi þeirra sem vinna fyrir ofan bendijárnin.

Athugasemd 10 - Starfsmannarými

Lýsing & mat á aðstæðum:

Starfsmannaaðstaða er ekki fullnægjandi. Kaffistofa er hluti af fatageymslu og er talsvert drasl og ryk þar inni. Einnig vantar uppá nauðsynlegan búnað. Ófullnægjandi salernisaðstaða er á verkstað. Starfsmenn hafa aðgeng að í salerni en ekki er vaskur með rennandi vatni .Fataaðstaða er ekki í sérstöku rými og útbúin í þeim tilgangi.

Fyrirmæli

Yfirfara skal starfsmannaaðstöðu á verkstað og koma skal upp fullnægjandi salernis, hreinlætisaðstöðu og fataaðstöðu á verkstað í samræmi við gildandi lög og reglur.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. C. Hluti

Leiðbeiningar:

Kaffistofa skal einungis notuð til að matast í og hvílast. Kaffistofa skal aðskilin frá örum rýmum svo sem vinnusvæði eða örum óskildum rýmum

Salernisaðstaðan skal ekki vera í beinum tengslum við kaffi- og mataraðstöðu.Fataaðstaðan skal aðskilin frá örum rýmum svo sem vinnusvæði eða örum óskildum rýmum..

Áður en tímafrestir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

19.02.2019 [REDACTED]

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns



Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.